

hin nýju prestlaunalög, telji sjer ekki skylt að greiða iðgjöld af váttrygðum hús- **95**
um á kirkjujörðum, sem þeir hafi tekjur af, þar er þeir ekki geti talist lands- 20. júl.
drottnar í sama skilningi sem jarðeigendur, enda þyki ekki mega minna vera en
að tekjur þeirra sjeu ekki skertar.

Útaf þessu skal, yður til leiðbeiningar til birtingar fyrir prófastinum í
Árnesprófastsdæmi, tekið fram það, sem hjer segir:

Um 1. Stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að eigi sje rjett
að hamla því, nema brýna nauðsyni beri til, að hús á prestssetri verði váttrygð
í brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps samkvæmt lögum nr. 26 frá 20. oktbr.
1905, einkum þegar tillit er tekið til laga nr. 58 frá 22. nóvbr. 1907, um stofnun
brunabótafjelags Íslands, 2. gr. B., sbr. 10. gr. Því mun engin fyrirstaða verða
fyrir því frá stjórnarráðsins hálfu, að íbúðarhús, er byggð eru fyrir prestakallalán,
sjeu váttrygð í brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps, ef váttryggingarábyrgðin nem-
ur að minsta kosti skuld þeirri, er á prestakallinu hvílir vegna byggingar, ásamt
eins árs vöxtum.

Um 2. Prestar þeir, sem ekki komast undir hin nýju prestlaunalög,
geta eigi komist hjá því að greiða eða endurgreiða leiguliða iðgjald samkvæmt
áðurgreindum lögum frá 20. oktbr. 1905 fyrir váttryggingarskyld hús á kirkju-
jörðum prestakalla þeirra, sbr. 13. gr. þessara laga, og athugasemdirnar um þessa
grein við frumvarp það til nefndra laga, sem lagt var fyrir alþingi 1905, því að
eigi er hægt að snúa sjer um þessar jarðir til annars landsdrottins en þeirra.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu hjáleigna undan **96**

22. júl.

Með brjefi, dagsettu 10. apríl þ. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent
hingað erindi prestsins að Hraungerði, síra Ólafs Sæmundssonar, þar sem hann
beiðist skýringar stjórnarráðsins á lögum nr. 50 frá 16. nóvember 1907, um sölu
kirkjujarða, á því atriði, hvort eigi beri að skoða kirkjujörð með hjáleigum *eina*
jörð, er um sölu er að ræða, eða hvort selja megi hverja hjáleigu útaf fyrir sig,
og það þótt umráðamaður heimajarðar og hjáleigna sje sölunni mótfallinn. Tak-
ið þjer það fram, að lögin virðist ekki hafa inni að halda skýr ákvæði um þetta,
enda ekki heppilegt að gefa um það eina algilda reglu. Landsháttum og lands-
nyttjum höfuðbóls og hjáleigna sje víða svo háttað, að telja mætti bagalegt, ef
skift væri eignarráðunum, einkum þar sem hjáleigur liggi við höfuðbólin og um-
hverfis þau; öðru máli sje að gegna um þær hjáleigur, sem sjeu í fjarlægð, og
engar landsnyttjar eigi sameiginlegar við heimajörðina. Á þetta teljið þjer rjett að
líta, er um slíka sölu er að ræða, enda þótt lögin verði skýrð á þann veg, að
heimilt sje að selja hjáleigur frá höfuðbólum. Hitt teljið þjer vafalaust, að því
að eins megi selja hjáleigu frá prestssetri, þar sem prestur býr við launakjör eft-

96 ir hinum eldri lögum, að hann telji sjer söluna bagalause og missi einskis í 22. júlí. við hana.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandanum, að stjórnarráðið litur svo á, að heimilt sje samkvæmt lögum nr. 50 frá 16. nóvember 1907 að selja sjálfstæðar hjáleigur frá kirkjujörðum þeim, sem söluheimild laganna nær yfir, ef ástæður mæla með að öðru leyti. En með því að kirkjujarðir, sem prestar sitja á, eru undanskildar heimild laganna, álist heldur ekki heimild til að selja hjáleigur frá þeim, vegna þess sambands, sem að lögum er milli heimajarðar og hjáleigu, sbr. lög 12. janúar 1884, 1. gr. in fine.

97 Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting a launakjörum
14. ágúst. **nokkurra presta.**

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi yðar, dagsettu 11. þ. m. og ósk hlutaðeigenda hefir stjórnarráðið fallist á að eftirnéfnir prestar frá fardögum síðastliðnum að telja taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

A. *I fyrsta launafllokki* (1700 kr.).

Sjera Jónas Pjetur Hallgrímsson í Kolfreyjustaðarprestakalli.

B. *I öðrum launaflökki* (1500 kr.).

1. Sjera Sigfús Jónsson í Mælifellsprestakalli.

2. — Jón Finnsson í Hofsprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi.*)

C. *I þriðja launaflökki* (1300 kr.).

Sjera Böðvar Bjarnason í Rafnseyrarprestakalli.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

98 Brjef stjórnarráðsins til sjóslumannsins í Þingeyjarsýglu um endur-
19. ágúst. **veiting hlunninda handa sparisjóði Kinnunga.**

Útaf beiðni, er hingað hefir borist frá formanni sparisjóðs Kinnunga, vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um næstu 5 ár frá 1. okt. þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðunum um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

*) 200 kr. erfiðleikauppbót.